

Auglýsing um deiliskipulag á Seltjarnarnesi

Bæjarstjórn Seltjarnarness auglýsir hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagi skóla- og íþróttasvæða skv. 1.mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingartillagan felur í sér eftirfarandi breytingar:

- Stækkun á lóð íþróttavallar, Suðursrönd 14.
- Stækkun á byggingarreit stúku. Stækkaður byggingarreitur skal rúma bæði stúku og vallarhús. Í vallarhúsinu er gert ráð fyrir búningsaðstöðu fyrir leikmenn, salernisaðstöðu fyrir almenning, veitingasölu ofl. Byggingin er steinsteypt með flötu þaki sem gengur inn í núv. landhalla. Kvöð er á lóðinni þess efnis að nemendur Valhúsaskóla geti nýtt sér þak vallarhúss til útileikja. Gert er ráð fyrir fjölgun bílastæða vegna stækkunarinnar.
- Stækkun á byggingarreit við austurgafli íþróttahúss. Í byggingunni er gert ráð fyrir fimleikasali. Útlit byggingar, efni í veggjum og þaki skal vera áþekkt núv. byggingu. Hæð nýbyggingar skal ekki ver hærra en mænishæð íþróttamiðstöðvar. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun bílastræða vegna stækkunarinnar.

Tillagan verður til sýnis á bókasafni Seltjarnarness, Eiðistorgi 11, 2. hæð frá 14.júní til og með 13. júlí 2007. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu bæjarfélagsins, www.seltjarnarnes.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Skriflegum athugasemdum ef einhverjar eru skal skilað á bæjarskrifstofu Seltjarnarness, Austurströnd 2, eigi síðar en 27. júlí 2007. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Skipulagsfulltrúinn á Seltjarnarnesi



SEL TJARNARNESBÆR